



HEILBRIGÐISSTOFNUN AUSTURLANDS

Directorate of Health in East-Iceland

Alþingi
Erindi nr. Þ 140/654
komudagur 5.12.2011

Nefndasvið Alþingis
Alþingishúsinu v. Austurvöll
150 Reykjavík

Egilsstöðum 5. desember 2011

Varðar umsögn um 127. mál 2011, þingsályktunartillögu um gerð Fjarðarheiðarganga

Með vísan til þingskjalsins vill undirritaður koma eftirfarandi á framfæri f.hönd Heilbrigðisstofnunar Austurlands:

Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA) sinnir heilbrigðisþjónustu á öllu Austurlandi, þ.e. svæðinu frá Bakkafirði í norðri að Hvalnesskriðum í suðri. Á þessu víðlenda svæði er fjöldi fjallvega og víða langt milli byggðakjarna. Um 330 manns starfa hjá HSA og sinna um 10,200 íbúum árið um kring auk tugþúsunda ferðamanna yfir sumartímann.

Fjallvegir eins og Fjarðarheiði skerða öryggi þjónustunnar, skapa hættu fyrir veitendur og þiggjendur hennar og hindra stofnunina í að nýta mannaaflo sinn á hagkvæman hátt.

Reynsla HSA af tilkomu Fáskrúðsfjarðarganga er sú, að möguleikar til að sinna almennri heilsugæslu og öryggisþjónustu eru margfalt betri en áður og unnt að veita þjónustuna á betri og hagkvæmari hátt, þannig að verulegar fjárhæðir hafa sparast í rekstri stofnunarinnar. Hið sama mun gilda um Fjarðarheiðargöng.

Fyrir hönd stofnunarinnar tek ég því undir efni og rök þingsályktunartillögunnar og hvet til samþykktar hennar.

Virðingarfyllst,

Einar Rafn Haraldsson
forstjóri HSA.

Afrit: Bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar

Einar Rafn Haraldsson, forstjóri
Lagarás 22, 700 Egilsstaðir

Sími: 470 3000 / 470-3051 ; 861-1999 ; símbréf: 471 1977; netfang: einarrafn@hsa.is